



**Ársskýrsla foreldraráðs Sjúlandsskóla
skólaárið 2006-2007
Kynnt á aðalfundi þann 26. maí 2007**

Foreldraráð Sjúlandsskóla hóf sitt annað starfsár á aðalfundi sem haldinn var 19. september 2006 en þar var ný stjórn kosin fyrir skólaárið 2006-2007. Einn aðalmaður fór út og inn kom nýr varamaður. Ný stjórn var þannig skipuð og skipti með sér verkum þannig:

Ragný Þóra Guðjohnsen, formaður.
Kristín Magnúsdóttir, varaformaður.
Þórey S. Þórðardóttir, ritari.
Guðmundur Guðnason, varamaður.

Ákveðið var að á aðalfundi árið 2007 myndi varafulltrúi koma inn sem aðalmaður og kosinn yrði einn aðalfulltrúi og nýr varafulltrúi sbr., starfsreglur ráðsins. Varaformaður tók að sér að taka þátt í starfi svæðaráðs foreldrafélaga og -ráða í Garðabæ en svæðaráð fundar mánaðarlega og stendur fyrir ýmsum góðum verkefnum í bænum svo sem hinum sameiginlega fræðslufundi sem haldinn er árlega í byrjun nýs árs.

Eins og síðasta skólaári starfaði foreldraráð Sjúlandsskóla með skólaráði Sjúlandsskóla en skólaráð skipa skólastjóri, foreldraráð, kennararáð og tveir fulltrúar starfsmanna. Tilgangur þessa fyrirkomulags er að tengja betur saman starfsfólk skólans og foreldra. Fundir foreldraráðsins voru alls 8 á skólaárinu, 3 þeirra með skólaráði og einn þeirra sameiginlegur fundur foreldraráðs og foreldrafélags með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra.

Á fyrsta fundi foreldraráðs var farið yfir verkefni vetrarins og var hafður til hliðsjónar gátlisti fyrir foreldraráð frá Heimili og skóla. Eitt af verkefnum foreldraráða er að veita umsögn um skólanámskrá. Í nýjum grunnskólalögum var skerpt á lögbundnum umsagnarrétti foreldraráða þannig að hann nái til fyrirhugaðra meiriháttar breytinga á skólahaldi og starfsemi skóla. Skólastjóri gerði grein fyrir að unnið væri að skólanámskránni allan veturinn en í febrúar ár hvert lægju grunnlínur skólanámskrár fyrir næsta skólaár fyrir. Skólastjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun skólans og ræddi aðbúnað í skólanum.

Skólastjóri kynnti ráðinu að þetta skólaár yrði aftur gerð viðhorfskönnun foreldra. Þótti slík könnun hafa verið gagnleg síðasta vetur en slíkt gæfi foreldrum tækifæri að koma að athugasemdum og hugmyndum um þætti sem bæta mætti í skólanum enda sýndi sig síðasta vetur að skólinn brást strax við. Foreldraráð fékk að taka þátt í að móta spurningalista sem kynntur var af skólastjóra. Einnig kynnti hann könnun á viðhorfum nemenda hvað varðar skólastarf og líðan í skóla og tekur foreldraráð

heilshugar undir mikilvægi þess að kanna líðan nemenda og hug þeirra til skólastarfsins. Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á dögnum að vísa erindi forvarnanefndar Garðabæjar um kaup á rannsókn um hagi og líðan nemenda í 5.-7.bekk til afgreiðslu bæjarstjóra og hefur könnunin verið pöntuð. Mun niðurstaðna að vænta í lok maí. Mikilsvert er fyrir skólastarfið að fá slíkar kannanir og fagnar foreldraráð því að fá nú einnig upplýsingar um líðan yngri barna í Garðabæ enda mikilsvert að greina mögulegan vanda barna sem fyrst og hefja jafnfram samhliða forvarna-og stuðningsstarf.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun fyrir forráðamenn nemenda sýndi mjög almenna ánægju með starfssemi skólans. Helstu þættir sem rætt var um að vinna með í framhaldi af niðurstöðu könnunarinnar voru:

- Samræming námsmats og matskvarða auk heimanáms. Fram komu óskir um að unnið yrði sérstaklega í umsjónarhópum að því að tryggja kennslu í ákveðnum undirstöðubáttum í íslensku og stærðfræði.
- Fyrirkomulag gæslu
- Samskipti og líðan nemenda og gerðar kannanir á líðan þeirra og starfsfólks skólanna.
- Enskukennslu og samvinna við Alþjóðaskólann.
- Skólastjóri upplýsti að ráðinn yrði kennsluráðgjafi í náttúrufræði fyrir alla skólana næsta vetur og myndi slíkur aðili geta mótað tillögur að verkefnum og eflt útikennslu í skólanum enn frekar.
- Möguleiki á heimaverkefnum sem tengjast þemavinnu, þ.e. lestri bóka um ákveðin efni. Slík heimavinna gæti hjálpað við að efla orðaforða, efla lestrarkunnáttu og þjálfa tækni við að lesa magn af texta.
- Aðferðir við að auka orðaforða barna, s.s. lestrarátak, orðabók barnanna, Fimbulfamb og fleiri leiðir hafa verið hannaðar til að auka orðaforða.

Á skólaárinu var mikið rætt um matarmál nemenda bæði á vegum foreldrafélags og foreldraráðs Sjúlandsskóla en einnig hjá svæðaráði sem fundaði með bæjaryfirvöldum og Matarlyst, þeim aðila sem matur er keyptur frá fyrir skólabörn í Garðabæ. Í framhaldi þessa fundar var fenginn næringarfræðingur til að gera úttekt fyrir Garðabæ á framkvæmd samnings um skólamat sem liggur fyrir við Matarlyst. Í úttekt þeirri sem næringarfræðingurinn gerði kom fram að bæta þyrfti nokkra þætti í framkvæmd á samningi um skólamat. Haldnir voru fundir með Matarlyst og einkum var unnið að því að minnka fituhlutfall ákveðinna fæðubátta, auka fjölbreytni í matseðlum og ferskleika þeirrar fæðu sem boðið er upp á. Einnig var tekin ákvörðun í framhaldi af viðræðum skólastjórnenda og bæjaryfirvalda að settur yrði upp ofn í Sjúlandsskóla sumarið 2007, sem fulleldar t.d. fiskinn sem boðið er upp á og tryggir að maturinn sé

alltaf nægilega heitur. Þá var á nýju ári settur upp salatbar sem mætti miklum vinsældum barnanna.

Rætt var um svokallaða Vinaleið en Siðmennt, Félag siðrænna húmanista á Íslandi ræddi nokkuð um vinaleið í dagblöðum og víðar að starfið ætti ekki samleið í grunnskólum landsins. Fram kom að stefna bæjarfélagsins væri að þeir sem gætu lagt sitt af mörkum við að bæta bæjarfélaginu ættu að bindast höndum saman og væri vinaleiðin einn liður í starfi Þjóðkirkjunnar í þeirri viðleitni. Foreldraráð ákvað að rétt væri að gefa foreldrum kost á að hafna því að þiggja þjónustu vinaleiðar fyrir barn sitt og voru send út eyðublöð þess efnis til allra foreldra. Skólastjóri kynnti starfsaðstöðu djákna sem var að öllu leyti eins og annarra starfsmanna og djákni var ekki einkennisklæddur við vinnu sína. Síðar í vetur barst fyrirspurn frá deildarstjóra skóladeildar þar sem foreldraráð var beðið um greinargerð um reynslu af vinaleið í skólanum í vetur. Greint var frá því að nokkrir foreldrar hefðu afþakkað þjónustuna en að öðru leyti hefði verið ánægja með starfið og það verið nýtt tölvuvert af nemendum skólans.

Foreldraráði voru á námsárinu kynntar nýjustu teikningar af næsta áfanga skólans en þar er meðal annars gert ráð fyrir samkomusal og íþrótt- og tónlistaraðstöðu. Mikil vinna hefur verið lögð í að gera íþróttaaðstöðu þannig úr garði að hún nýtist jafnt ákveðnum hefðbundnum boltaíþróttum sem og öðrum greinum eins og t.d. jazzballett. Þá hefur matsalur verið færður til svo hentugra sé að koma að með aðföng. Salur skólans verður með færanlegu sviði svo nýta megi hann í margvíslegum tilgangi og tónlistarskóli Garðabæjar mun hafa mjög vandaða aðstöðu í hinni nýju byggingu.

Í febrúar 2007 var haldin sérstök vika þar sem skólastarf miðaði sérstaklega að því að hlúa að líðan nemenda og gegn einelti. Vinnuhópur á vegum grunnskólanna í Garðabæ dreifði bæklingum um einelti og búin voru til og hengd upp í skólanum táknræn plaköt. Aðstoðarskólastjóri sem situr í vinnuhópnum gerði grein fyrir hvernig unnið yrði með að virkja ábyrgð nemendanna sjálfra. Sendur var út sameiginlegur tölvupóstur frá foreldraráði og foreldrafélaginu sem viðkom forvarnarstarfi gegn einelti til að sýna með því stuðning við verkefnið.

Einnig var rætt hjá foreldraráði almennt um lífsleikni og forvarnir og hvernig unnið yrði að því að fylgja eftir eineltisverkefninu sem unnið hefur verið að í Garðabæ. Allir voru sammála um að foreldrar og fjölskyldur nemenda gætu átt stóran þátt í því að koma í veg fyrir einelti með fyrirbyggjandi aðgerðum. Í því sambandi var t.d. rætt um vinnuhópa sem mörg foreldrafélög hafa skipulagt og komið á. Vinnuhópastarf getur verið gagnlegt til að nemendur kynnist utan skólastarfs og eykur skilning og samhug meðal nemenda. Æskilegt væri einnig að foreldrar kæmu í ríkara mæli að skólastarfinu og í því sambandi væri unnt að skipuleggja þátttöku foreldra í skólastarfinu fram í tímann og gefa þeim ákveðið hlutverk. Sú hugmynd var reifuð að skipuleggja fyrir næsta vetur að foreldrar eða forráðamenn nemenda kæmu a.m.k. einu sinni að vetri og tækju með því virkan þátt í skólastarfinu. Einnig var rædd hugmynd um að koma á stuðnings/vinarfélaga kerfi þar sem eldri og yngri nemendur tengjast sem skólafélagar og er þetta bæði hugsað sem styrkur fyrir þá yngri að geta sótt styrk til eldri nema en einnig til að vinna með ábyrgð eldri nema.

Endurnýjuð skólastefna Garðabæjar var gefin var út árið 2006. Skólarnir fengu í framhaldi af því það verkefni að gera aðgerðaráætlun um innleiðingu þeirra atriða sem stefnan tekur á. Skólastjóri kynnti foreldraráði þessa vinnu skólans sem skilað var til skólanefndar.

Samræmt skóladagatal 2007-2008 var samþykkt á árinu 2007. Gerð var könnun á vegum bæjarins um vetrarfrí og var vilji foreldra að halda því óbreyttu í febrúar ár hvert. Hægt verður að nálgast skóladagatalið á vef skólans.

Nokkuð var rætt um umferðaröryggi skólabarnanna á fundum ráðsins og liggur ábyrgðin þar hjá okkur foreldrum að gæta ítrustu varkárni og tillitssemi á bílaplani skólans.

Með vorinu voru foreldraráði kynntar frekari útfærslur á skólanámskrá Sjúlandsskóla fyrir næsta ár. Um er að ræða mjög metnaðarfullar tillögur um áhersluátriði Sjúlandsskóla í skólastarfi og fengu foreldrar tækifæri til að koma að athugasemdum. Foreldraráð sendi skólanefnd umsögn um skólanámskrá Sjúlandsskóla 2007-2008. Hægt er að kynna sér umsögnina á heimasíðu skólans.

Samkvæmt beiðni skólastjóra tilnefndi foreldraráð og foreldrafélag Sjúlandsskóla 2 fulltrúa foreldra í þróunarnefnd unglíngastígs Sjúlandsskóla og verða þeir eftirfarandi:

- a. Þóroddur Bjarnason
- b. Hrönn Róbertsdóttir

Nefndin fundaði í fyrsta sinn þann 17. apríl 2007. Í henni sitja skólastjórnendur, fulltrúar kennara, starfsmanna, nemenda og foreldra. Foreldraráð fagnar því að skólinn mun starfrækja unglíngastig.

Rædd var í vor stefnumótun Sjúlandsskóla vegna þátttöku Garðabæjar í verkefni Lýðheilsustöðvar “Allt hefur áhrif einkum við sjálf”. Deildarstjóri skóladeildar Garðabæjar fundaði með skólum bæjarins og fulltrúum foreldra þann 10. maí 2007 og þar var lögð fram áætlun Sjúlandsskóla hvað þetta varðar.

Á aðalfundi foreldrafélags og foreldraráðs Sjúlandsskóla voru tilnefningar í nýja stjórn foreldraráðs fyrir næsta skólaár eftirfarandi:

Guðmundur Guðnason (gg@seifur.is) og Ragný Þóra Guðjohnsen (ragny@simnet.is) munu sitja áfram. Inn kemur nýr aðalfulltrúi Hjördís Líney Pétursdóttir (hjordis@aat.is) og nýr varafulltrúi Bjarney Björnsdóttir (bjarneyb@hotmail.com).

Aðalfundur samþykkti tilnefningu samhljóða.

Að lokum vill foreldraráðið fyrir hönd allra foreldra þakka frábært samstarf við skólann. Helgi og Ólöf hafa verið iðin við að hlusta á rödd foreldra og fyrir það ber að þakka. Þá hefur samstarfið við aðra starfsmenn skólans í skólaráði verið mjög ánægjulegt. Við viljum líka þakka Kristínu Steinarsdóttur, kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni góða aðstoð í vetur við að setja efni á vefinn og Soffíu skólaritara þökkum við einnig góða aðstoð.

Foreldraráð þakkar einnig ykkur foreldrum frábært samstarf og hlakkar til frekara samstarfs næsta ár.

Gleðilegt sumar.

F.h. foreldraráðs Sjálandsskóla skólaárið 2006-2007.

Ragný Þóra Guðjohnsen

Kristín Magnúsdóttir

Þórey Þórðardóttir

Guðmundur Guðnason